



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

Fyrsti fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga á sveitastjórnakjörtímabilinu 2026-2030 var haldinn fimmtudaginn 20.

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

ágúst 2026 kl. 17,30 í húsakynnum safnsins. Fundinn sátu Árni Eiríksson, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Erla Sif Markúsdóttir. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð Aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs þann 29. júní sl.** Þessi voru kjörin í stjórn Byggðasafns Árnesinga: Aðalmenn: Árni Eiríksson, Flóahreppi, formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélaginu Árborg, varaformaður, Erla Sif Markúsdóttir Sveitarfélaginu Ölfus, ritari. Varamenn: Kristján Einir Traustason, Bláskógabyggð, Kjartan Björnsson, Sveitarfélaginu Árborg og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfus. Samþykkt að fela safnstjóra ritun og frágang fundargerða. Fundargerðir skulu sendar stjórn, sveitarfélögunum, framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga, fjárhaldsmanni, Þjóðminjaverði og Safnaráði.
2. **Af vettvangi starfsemi Byggðasafns Árnesinga.** Safnstjóri gerði grein fyrir starfsemi safnsins. Starfsemin hefur verið með hefðbundnum hætti og aðsókn svipuð fyrri árum. Haldnir hafa verið ýmsir viðburðir á safninu, m.a. tónleikar, samsöngur og smíðjur, þar á meðal kúmentínsla við Húsið. Safnstjóri fór yfir helstu verkefni og dagskrá frá maí til ágúst, þar sem áhersla hefur verið á söguleg viðfangsefni, skólaheimsóknir, staðbundna menningararfleifð og sjónræna frásögn. Facebook-síða safnsins hefur verið nýtt markvisst til kynningar á viðburðum og sögulegu efni. Rifjuð var upp saga verslunar á Eyrarbakka, einkum hlutverk Lefolli-verslunar, og vakti fróðleikur og myndefni góð viðbrögð. Einnig var fjallað um eldri sólmyrkvaathuganir og áhöld tengd þeim, sem sköpuðu líflega umræðu. Í júní opnaði sýningin *Bátar og býli* í Sjóminjasafninu og hefur notið góðs orðspors. Sýningin var stærsta einstaka verkefni safnsins í vor. Mikil vinna lá að baki, fyrst að tæma forsal safnsins af safnmunum, ljósmynda þá og ganga frá til varðveislu, mála salinn og lagfæra aðkomu í safnið og velja sýningagripi, semja texta, hanna og setja upp nýja sýningu. Allir fagmenntaðir starfsmenn safnsins unnu að sýningunni. Á safnasvæðinu halda áfram sýningarnar *Bjargvætturinn* í Kirkjubæ og *Yfir beljandi fljót* í Húsinu, sem hafa verið vinsælar meðal gesta. Unnið er að lokafrágangi nýs myndræns leiðsögubæklinga um safnasvæðið. Undirbúningur er hafinn að gerð dagskráa í haust og á aðventu. Jafnframt fer fram nýskráning og umsýsla safnmuna sem hluti af faglegri varðveislu. Af nýjum aðföngum má geta stórrar afhendingar frá Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni í samvinnu við minjanefnd Sambands sunnlenskra kvenna. Aðsókn yfir sumarið var góð og starfsmenn hafa sinnt gestum af fagmennsku. Hópapantanir fyrir haustið lofa góðu. Viðhald fer fram samkvæmt áætlun, lokið er málun glugga á Húsinu og framundan er að tjarga þak Hússins. Ófyrirséð viðhaldsverkefni á árinu

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AB", "PI", and "Esm".

munu valda seinkun á öðrum framkvæmdum sem færast til næsta árs. Jon Nordsteien arkitekt hefur hannað nýjan inngöngupall fyrir framan Húsið á Eyrarbakka.

3. **Fjárhagsleg staða safnsins.** Safnstjóri greindi frá stöðu bókhaldsmála. Ýmsir byrjunarörðugleikar hafa komið upp en vænta má að allt verði komið í fastar skorður bráðlega. Af þeim sökum hefur ekki verið unnt að setja fram mánaðarleg yfirlit rekstursins undanfarna mánuði. Engir samningar hafa verið gerðir við bókhaldsstofuna. Bókhaldið er í kerfinu Reglu og hefur safnstjóri aðgang að því sem gerir honum kleift að fylgjast með rekstrinum og gefa út reikninga. Af fjárhag almennt er það að segja að allt er eftir áætlun að því undanskildu að innleitt var nýlegt starfsmat milli FOSS og SÍS við þá starfsmenn sem sinna gæslu og leiðsögn yfir sumartímann.
4. **Áætlanir 2027.** Safnstjóri er byrjaður að vinna gerð áætlana fyrir árið 2027. Gengið verður frá rekstraráætlun og starfsáætlun á næsta fundi. Stjórn safnsins leggur áherslu á að hugað verði að nánasta umhverfi Hússins og torgið fyrir vestan það verði hellulagt í samvinnu við aðra húseigendur og sveitarfélagið. Safnstjóra falið að afla upplýsinga um stöðu mála. Á næsta ári eru stórafmæli: Flóaáveitan 100 ára og Kambsránið 200 ára. Haldin verður sýning um Flóaáveituna og málþing um Kambsránið.

Fundi lauk kl. 19.

Næsti fundur er boðaður 17. september næstkomandi kl 16,30.

Erna Eiríksdóttir
Þórhildur Ingvadóttir
ERNA SIF MARKÚSDÓTTIR
Erna Eiríksdóttir